

tölulegan hluta andvirðisins, en þar sem eptir mála-
vöxtum ekki þykir ástæða til að neita því, að hann
hafi haft rjett til skuldskeytingar að því er snertir
Einar Hjörleifsson, virðist honum aðeins skylt vera
að greiða áfrýjanda $\frac{3}{4}$ hluta dómkröfu hans, eða
51 kr. 30 a. með 5⁰/₀ vöxtum þaraf frá sáttakæru-
degi til borgunardags. Með því ummæli þau, sem
dæmd eru ómerk fyrir undirdómi eru viðhöfð af og
um menn, sem standa fyrir utan málið, er ekki á-
stæða til að dæma þau dauð og marklaus.

Samkvæmt þessum úrslitum virðist málskostnaður
fyrir báðum dómum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum stefnda, bóksala Kr. Ó. Þorgrímssyni,
ber að greiða áfrýjandanum 51 kr. 30 a. með
5⁰/₀ vöxtum frá sáttakærudegi unz greitt verð-
ur. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli
niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá
lögbirting hans, ella sæti hinn stefndi aðför
að lögum.

Nr. 5/1885. Hið sunnlenzka sildarveidafjelag
gegn

O. Wathne á Seyðisfirði.

D ó m u r :

Tildrögin til máls þessa eru þau, er nú skal greina:
Með samningi, er gjörður var í Bergen 28. marz
1881, var stofnað fjelag til að reka sildarveidar við

Ísland (hin svokallaða Hánefsstaðaútgjörð eða Íslands-expeditionen Nr. 2), og áttu helming hluta í fjelaginu eða $\frac{5}{10}$ þrír Íslendingar og 1 danskur maður, en hinn helminginn 5 Norðmenn, þar á meðal O. Wathne og Jens Gran & Sön. Í samningnum var svo ákveðið, að O. Wathne skyldi ráðinn til að vera „Expeditionens Bestyrer og Disponent paa Island“, en þeir Jens Gran & Sön í Bergen skyldu hafa stjórn fjelagsins þar; til þeirra skyldu hluthafendur greiða tillög sín, og þeir skyldu greiða hluthafendum aptur hlutdeild þeirra í ágóða fjelagsins, og semja ársreikning fjelagsins. Vorið 1882 sendi nú fjelag eitt, er stofnast hafði í Reykjavík, og kallaði sig hið sunnlenzka síldarveiðafjoleg, þáverandi formann sinn, Eggert Gunnarsson, til Noregs til þess að stuðla að framkvæmdum fjelagsins í síldveiðum, og keypti þá Eggert Gunnarsson, $\frac{4}{10}$ hluti af þeim helmingi fyrnefnds fjelags er Norðmenn áttu. Þetta fjelag, Hánefsstaðaútgjörðin, hafði nokkurn ábata af síldveiðum 1882, og komu í hluta hins sunnlenzka síldarveiðafjelags, sem eiganda $\frac{4}{10}$ af því, 2694 kr. 92 a., sem reikningshaldari alls fjelagsins, Jens Gran & Sön í Bergen, ljettu renna inn til Eggerts Gunnarssonar með skuldajöfnuði. Stjórn hins sunnlenzka síldarveiðafjelags hefur eigi álitid þessa borgunaraðferð lögmæta, og hefur því höfðað mál þetta fyrir aukarjetti Norðurmúlasýslu gegn O. Wathne fyrir hönd $\frac{6}{10}$ hluta Hánefsstaðaútgjörðarinnar, og krafizt þess, að hann sem umboðsmaður þessa hluta fjelagsins, greiddi hinu sunnlenzka síldarveiðafjelagi umgetnar 2694 kr. 92 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunar-

dags, og málskostnað eptir mati rjettarins, þó eigi minna en 10 krónur. Fór mál þetta svo í undirrettinum, að O. Wathne, sem umboðsmaðar $\frac{6}{10}$ Hánefsstaðaútgjörðarinnar, var dæmdur sýkn af kærum og kröfum sækjandans og málskostnaður látinn falla niður. En við þessi úrslit hefur hið sunnlenzka síldarveidafjelag eigi viljað una, og áfrýjað málinu til yfirrjettarins með stefnu 23. febr. þ. á., og krafizt þess, að undirrettardóminum væri breytt samkvæmt kröfum fjelagsins fyrir undirretti, þó með þeim mun, að málskostnaður yrði því tildæmdur fyrir báðum rjettum með 150 kr., eða eptir mati rjettarins. Stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur, og sjer dæmdur í málskostnað 70 kr., eða einhver hæfileg upphæð, sem rjetturinn ákvæði.

Aðalástæða stefnda fyrir sýknun sinni er sú, að samkvæmt stofnunarskrá Hánefsstaðaútgjörðarinnar, fyrnefndum samningi frá 28. marz 1881, sju sjer fjármál þessa fjelags óviðkomandi, og sjerstaklega útborganir á ágóðanum til hluthafenda; þær sju aptur í stofnunarskránni berum orðum faldar reikningshaldara fjelagsins, Jens Gran & Sön i Bergen, og með því að yfirdómurinn verður að leggja sama skilning í opt nefnda stofnunarskrá hvað þetta atriði snertir, og þessi stofnunarskrá, sem sækjandi að vísu segist ekki hafa vitað af fyr en undir þessu máli, en þó eigi rengt, verður að álitast hafa gilt einnig hvað þá $\frac{4}{10}$ hluti Hánefsstaðaútgjörðarinnar snertir, er hið sunnlenzka síldveidafjelag hafði keypt, þar sem eigi er sannað, að nýr samningur hafi verið gjörður um

fyrirkomulag alls fjelagsins, stjórn þess og rekstur, þegar hið sunnlenzka síldveiðafjelag fjeck hlut í því, þá verður yfirdómurinn að komast að þeirri sömu niðurstöðu og undirdómurinn, að hinum stefnda, O. Wathne, þó hann hafi verið ráðsmaður fjelagsins hjer á landi, eigi verði með dómi gjört að skyldu, að greiða hina kröfðu fjárhæð, gagnvart þeirri ráðstöfun á greiðslu hennar, sem gjörð hefur verið af fjárráðamanni alls fjelagsins í Noregi, eða bera ábyrgð á henni fyrir hönd $\frac{9}{10}$ hluta Hánefsstaðaútgjörðarinnar, og kemur því eigi til þess hjer að rannsaka, hvort það hefur verið með rjettu, að reikningshaldari alls fjelagsins, Jens Gran & Sön i Bergen, með skuldajöfnuði hafi látið renna til Eggerts Gunnarssonar hluta hins sunnlenzka síldveiðafjelags í ágóða útgjörðarinnar 1882 í stað þess að standa beinlínis skil á honum gegn kvittun af hendi stjórnar hins sunnlenzka síldveiðafjelags sjálfs. Ber því i öllu að staðfesta hinn áfrýjaða aukarjettardóm, en eptir atvikum virðist rjett, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur á óraskaður að standa.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 9. nóvembermán.

Nr. 37/1885.

Valgarður Breiðfjörð

gegn

Júlíusi Schou.

D ó m u r:

Mál þetta er risið af ágreiningi um kaup fyrir